

## Forðist hættuleg rafföng




# Selur þú hættuleg rafföng?

Ef rafföng eru ekki framleidd á réttan hátt geta þau valdið lífshættulegu rafstuði eða orsakað eldsvoða.

Á hverju ári verður fjöldi bruna og slysa af völdum raffanga sem hafa í för með sér mannlegar hörmungar og útgjöld. Sem söluaðili raffanga er það þín ábyrgð að rafföng séu örugg og valdi ekki skaða.

## Gerðu öryggisathugun á því sem þú selur

Settu viðskiptavini þína ekki í lífshættu. Fylgdu gátlistanum okkar og athugaðu rafföngin áður en þú kaupir þau. Á þann hátt tekur þú þátt í að koma í veg fyrir slysa og bruna.

- Er CE-merking á raffanginu? Sem dæmi eiga nánast öll rafföng sem gerð eru fyrir almenna veitukerfið (venjulegt 230V húsarafmagn) að bera CE-merkingu, nema klær og tenglar til heimilisnota. 
- Eru upprunamerkingar á raffanginu? Öll rafföng eiga að vera merkt með nafni framleiðanda eða vörumerki hans og gerðarmerkingu.
- Er heimilisfang framleiðanda þar sem hafa má samband við hann á raffanginu eða, sé það ekki mögulegt, á umbúðum þess eða í skjali sem því fylgir?
- Er nafn innflytjanda til EES, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki hans og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann á raffanginu eða á umbúðum þess eða í skjali sem því fylgir?
- Eru helstu raffræðilegar merkingar á raffanginu? Til dæmis spennu (V), afl (W) og einangrunarflokkur (class I, class II (□) eða class III (⚡)).
- Er ESB-samræmisýfirlýsing (EU declaration of conformity) tiltæk? Samræmisýfirlýsingin á að vera gefin út af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans. Yfirlýsingar eða vottorð „þriðja“ aðila, t.d. prófunarstofu, eru ekki fullnægjandi.
- Fylgja öryggis-, notkunar- og uppsetningarleiðbeiningar? Athugið að leiðbeiningar eiga að vera á íslensku, ensku, dönsku, norsku eða sænsku.
- Eru spennuhafa hlutar snertanlegir?

- Er togfesta aðtaugar, sem tryggir að ekki verði togálag á tengingar, fullnægjandi?
- Eru skarpar brúnir þar sem aðtaugin kemur inn í raffangið?
- Hefur raffangið óeðlilega grannar taugar (víra), þ.e. grennri en eldspýta?

## Alvarlegar afleiðingar

Afleiðingar bruna og slysa af völdum raffanga geta verið hörmulegar en þar að auki getur Mannvirkjastofnun bannað sölu raffanga sem ekki uppfylla ákvæði um öryggi, rafsegulsamhæfi eða formleg skilyrði til markaðssetningar. Ef raffang er álitíð sérstaklega hættulegt getur Mannvirkjastofnun krafist tafarlausrar innköllunar þess frá almenningi. Það er t.d. gert með auglýsingum í dagblöðum.

Allur kostnaður við rannsókn og prófun raffangs sem ekki uppfyllir kröfur fellur á ábyrgðaraðila þess, þ.e. innflytjanda eða innlenda framleiðanda, auk kostnaðar við innköllun.





Mannvirkjastofnun hefur meðal annars yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir stofnunin rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og annast útgáfu á kynningar- og fræðsluefni er varðar rafmagnsöryggi.

Mannvirkjastofnun  
rafmagnsöryggissvið  
2018